Safnaðarblað Lindakirkju

24. árg. 2. tbl. 2026

Lifandi vatn



Í Lindakirkju fer fram fjölbreytt og líflegt starf fyrir alla aldurshópa. Í þessu blaði gefum við þér innsýn í það helsta. Kynntu þér starfið og vertu hjartanlega velkomin(n) að taka þátt í uppbyggilegu og gefandi samfélagi.

Nýr prestur í Lindakirkju



Nýlega fór sr. Guðni Már Harðarson til þjónustu sem sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn.

Það er með mikilli tilhlökkun og gleði að sr. Pétur Ragnhildarson hefur verið ráðinn í hans stað. Við fögnum því að fá Pétur til prestsþjónustu og biðjum honum blessunar í lífi og starfi.

Sr. Pétur Ragnhildarson er fæddur árið 1993. Hann ólst upp í Kópavogi og er stúdent af náttúrufræðibraut Menntaskólans á Akureyri.Hann lauk embættisprófi í guðfræði árið 2019. Síðan þá hefur hann bætt við sig MA-prófi í guðfræði, diplómanámi í sálgæslu og sótt námskeið í sáttamiðlun.

Sr. Pétur hefur áralanga reynslu af barna- og unglingastarfi.
Hann hefur starfað sem æskulýðsfulltrúi í kirkjum, yfirmaður í frístundastarfi í grunnskóla og forstöðumaður í sumarbúðum og haft umsjón með fermingarnámskeiðum í Skálholti.

Þann 1. mars 2020 var Pétur vígður til prestsþjónustu í Fella- og Hólakirkju í Breiðholtsprestakalli og Guðríðarkirkju í Grafarholti, þar sem hann starfaði sem prestur og æskulýðsfulltrúi. Sumarið 2022 var hann skipaður prestur í Breiðholtsprestakalli og sumarið 2025 tók hann við sem sóknarprestur.

Eiginkona hans er Alexandra Ýr Auðunsdóttir og eiga þau einn son, Atlas Elí.

Hjónanámskeið á mánudags-kvöldum á vorönn

7 vikna námskeið sem kennd verða á mánudögum hefjast 11. janúar 2026.
Námskeiðin hefjast með mat kl. 18.
Eftir matinn er fræðsla og síðan vinna pörin hver fyrir sig verkefni út frá kennslunni. Engin hópvinna fer fram á námskeiðinu. Þrátt fyrir að námskeiðið sé byggt á kristnum gildum er það mjög gagnlegt öllum pörum óháð trúarskoðunum.
Námskeiðið kostar 42.000 kr. fyrir parið eða 3000 kr. á mann hvert kvöld. Innifalið er kvöldverður, fræðsla og kennslubækur.

Margir hafa sótt þessi námskeið og gefa þeim góð meðmæli. ***„Við hjónin sóttum námskeiðið fyrir nokkrum árum. Það var svo notalegt að eiga svona góða kvöldstund saman, borða góðan mat og ræða saman um sambandið okkar. Þetta blessaði okkur og dró okkur nær hvort öðru. Það var enginn að skipta sér af því hvað við ræddum um.“***

Skráning á lindakirkja.is

Umsögn um hjónanámskeiðið á vorönn

Við Alma Rut og Arnar Dór höfum verið saman síðan haustið 2003, giftum okkur árið 2017 og eigum tvö börn saman. Eins og flest pör höfum við gengið í gegnum ýmislegt á þessum rúmu tuttugu árum, en þegar við skráðum okkur á Hjónanámskeið í Lindakirkju vorum við á mjög góðum stað í sambandinu og erum það enn. Fyrir okkur var þetta fyrst og fremst tækifæri til að gefa sambandinu okkar rými og athygli á nýjan og fallegan hátt.

Uppsetning námskeiðsins hentaði okkur fullkomlega. Við sátum tvö á sér borði, fengum góðan kvöldverð og nutum þess að vera í rólegu og hlýlegu andrúmslofti. Þetta var eins konar vikulegt stefnumót sem við áttum bara fyrir okkur tvö. Dís prestur, sem sá um námskeiðið, er einstaklega hlý, fagleg og nærandi í framkomu og skapaði aðstæður þar sem auðvelt var að opna sig og ræða málin af einlægni.

Við fengum verkefnabók sem við unnum í á staðnum og aðeins heima. Verkefnin voru fjölbreytt og vöktu hjá okkur góðar umræður um ýmis mál sem við höfðum annað hvort aldrei rætt áður eða ekki rætt í langan tíma. Við fundum að þau ýttu okkur út fyrir kassann á jákvæðan hátt og minntu okkur á hvers vegna sambandið okkar er styrkt af samveru, hlustun og virkum samskiptum.

Í hvert skipti komum við glöð og endurnærð heim. Það kom okkur á óvart hversu mikið námskeiðið gaf okkur, jafnvel þó við værum ekki að glíma við neina sérstaka erfiðleika í sambandinu. Bara það að eiga frátekinn tíma, njóta góðs matar, hlusta, tala saman og vinna verkefni sem styrktu hjónabandið var ómetanlegt.

Við mælum heils hugar með Hjónanámskeiði Lindakirkju fyrir öll pör, hvort sem þau eru trúuð eða ekki. Námskeiðið er byggt á góðum, almennum grunni sem á við um öll sambönd, óháð lífsskoðunum. Það er fallegt tækifæri til að byggja upp nánd, samveru og skilning, og við erum afskaplega þakklát fyrir þessa upplifun.

LINDAKIRKJA

Haustdagskrá eldri borgara starfsins

Stundirnar verða sem fyrr á fimmtudögum hálfsmánaðarlega kl. 12:00-13:40.

Stundirnar næra í senn líkama, sál og anda, en í upphafi er boðið uppá staðgóðan hádegisverð, svo er fyrirlestur eða dagskrárefni áður en endað er á Guðs orði, bæn og sálmasöng þar sem Óskar Einarsson leikur undir.

Kostnaður við matinn, eftirrétt og kaffi er 3000 krónur. Nema annað sé tekið fram.

Dagskrá haustannar

17. september
Örn Árnason lífgar upp á tilveruna eins og honum er einum lagið.

1. október
Haustferð á Seltjarnarnes.

15. október
Prestarnir bregða á leik

29. október
Hryllileg skemmtun

12. nóvember
Gleðisveitin smitar söng og gleði

26. nóvember
Stefán Pálsson sagnfræðingur fjallar um seinna stríðið og Kristín Birna Óðinsdóttir syngur gamlar dægurperlur.

10. desember
Jólasamvera – jólamatur og sérstakur jólagestur.
Athugið breytt verð 6.900



Vinavoðir á mánudögum frá 11:00-13:00

Þar koma handavinnukonur saman í góðu samfélagi. Prjónuð eru bænasjöl sem gefin eru áfram sem vinarvottur og hlýjar blessunaróskir til sjúklinga og annarra sem eru staddir á krossgötum í lífi sínu. Einnig hefur hópurinn heklað kraga fyrir öll skírnarbörn í Lindakirkju. Boðið er uppá kaffi og með því ásamt skemmtilegu og sívaxandi samfélagi.

ALFA NÁMSKEIÐ



Alfa námskeið verður haldið í Lindakirkju og hefst með kynningarkvöldi miðvikudaginn 9. september 2026 kl. 18:00-20:00. Boðið verður uppá dýrindis kvöldverð og biðjum við fólk að senda línu til að hægt sé að gera ráðstafanir með matinn varðandi óþol eða annað á lindakirkja@lindakirkja.is. Námskeiðið stendur í níu miðvikudagskvöld frá kl. 18:00 – 20:15, endar miðvikudagskvöldið 4. nóv. (auk helgarferðar í Ölver sumarbúðir frá 23. til 25. okt., verð kemur síðar).

Góður hópur fólks heldur utan um námskeiðið í vetur.

Á Alfa-námskeiðinu sem hefur verið haldið á ári hverju frá stofnun Lindasóknar verður stuðst við myndbönd til kennslu í bland við lifandi fyrirlestra. Alfa styðst við bók Nicky Gumbel; Spurningar lífsins (e. Questions of Life).

Umgjörð námskeiðsins er afslöppuð og þægileg og ekki eru lagðar kröfur á þátttakendur um viðhorf, skoðanir eða afstöðu. Upplifun hvers og eins af námskeiðinu er ávallt mjög persónuleg. Hver og einn dregur sinn lærdóm. Margir hafa hlotið blessun af því að sækja Alfa-námskeið oftar en einu sinni enda trúarglíman og spurningar lífsins sístætt verkefni.

Við í Lindakirkju bjóðum ykkur sérstaklega velkomin á kynningarkvöldið þar sem boðið verður uppá ljúffenga máltíð, kynningar fyrirlestur og spurningar.

Kostnaður við kynningarkvöldið er enginn en fyrir hin kvöldin átta greiða þátttakendur 2.000 krónur fyrir matinn í hvert sinn en verðið fyrir Ölver kemur síðar.

Ef fólk á í vandræðum með að greiða fyrir námskeiðið biðjum við um að senda okkur línu á gudmundur.karl@lindakirkja.is svo hægt sé að koma á móts við það. Enginn á að þurfa hætta við þátttöku í Alfa á fjárhagslegum forsendum.

Athugið að það er líka hægt að skrá sig aðeins á kynningarkvöldið og skrá sig seinna á námskeiðið.

Barnakór Lindakirkju frá 2.-6.bekk · Æfingar þriðjudaga kl. 16:30-17:15

Unglingagospelkór Lindakirkju frá 7.bekk - 18 ára · Æfingar miðvikudaga kl. 16:30-17:45

Í Lindakirkju er öflugt og skemmtilegt kórastarf fyrir börn og unglinga.

Kórarnir hafa tekið að sér ýmis verkefni: Söngur í messum og að venju syngja kórarnir á tónleikum Regínu Óskar, á aðventukvöldi og syngja jólin inn í fjölskyldustund á aðfangadag.

Í fyrra sungu kórarnir á tónleikum VÆB bræðra í Háskólabíói sem var ógleymanleg reynsla.

Að syngja í kór er samvinnuverkefni ólíkra einstaklinga í að töfra fram tónlist. Eitt af markmiðum kórstarfsins er að hver og einn kórfélagi fái að virkja sköpunargáfuna og efla sjálfstraustið. Unnið er með alls konar stíltegundir tónlistar. Góður félagsandi einkennir hópana.

Mæðgurnar Áslaug Helga Hálfdánardóttir og Hjördís Anna Matthíasdóttir stýra kórunum.

Skráning er á lindakirkja.is undir tónlistarstarf.



Fimm ár af beinum útsendingum frá Lindakirkju

Það var árið 2019 sem umræða hófst í Lindakirkju um möguleikann á að streyma einstökum viðburðum og guðsþjónustum beint frá kirkjunni. Ljóst var að slíkt verkefni myndi kosta bæði búnað og vinnu, en áfram var rætt um möguleikana og ýmsar leiðir kannaðar.

Þegar Covid-faraldurinn skall á árið 2020 varð mikil breyting á þessu. Kirkjur og aðrir viðburðastaðir víða um land fóru að leita leiða til að miðla starfsemi sinni á netinu og eftirspurn eftir streymisbúnaði varð gríðarleg. Þegar farið var að panta búnað var því margt orðið uppselt.

Við eignuðumst þó eina Canon-myndbandsupptökuvél og í apríl 2020 hófst vinna við að framleiða og setja efni frá Lindakirkju á netið. Um haustið bættist síðan við mun betri búnaður og fleiri myndavélar. Þar nutum við meðal annars stuðnings velunnara Lindakirkju sem tóku þátt í að safna fyrir búnaðinum.

Frá því í apríl 2021 höfum við sent nánast allar guðsþjónustur Lindakirkju í beinni útsendingu á Facebook og YouTube. Messurnar, sem hefjast klukkan 20:00, eru vel sóttar í kirkjunni, en það sem hefur verið sérstaklega ánægjulegt er hversu margir fylgjast með útsendingunum á netinu – bæði hér heima og víða um heim.



Vikulega berast kveðjur frá fólki víðs vegar að úr heiminum sem fylgist með starfi Lindakirkju í gegnum netið. Þannig hefur streymið orðið mikilvæg leið til að ná til fólks sem af ýmsum ástæðum getur ekki sótt guðsþjónustur í kirkjunni.

Á þessum rúmu fimm árum hafa verið sendar út yfir 200 messur og guðsþjónustur og yfir 70 útfarir, auk þess sem hátt í 100 aðrir viðburðir, upptökur og styttri myndbönd hafa verið sett á netið.

Allt þetta efni má nálgast á YouTube- og Facebook-síðum Lindakirkju.

Björn Ingi Óskarsson hefur séð um streymið frá upphafi og fleiri eru nú í þjálfun til að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni. Það er því ljóst að það sem hófst sem hugmynd árið 2019 hefur þróast í mikilvægan þátt í miðlun starfs Lindakirkju og nær starf kirkjunnar nú langt út fyrir veggi hennar.

Gaman að vaxa með fjölskyldunum í hverfinu

- segir Regína Ósk, umsjónarmaður foreldramorgna og sunnudagaskólakennari

Lindakirkja býr að miklu og dýrmætu mannvali hvað varðar alla þætti starfsins. Ein þeirra er Regína Ósk Óskarsdóttir sem hefur, nánast frá því kirkjan var byggð tengst starfi hennar og lagt sitt af mörkum til að auka hróður Lindakirkju.

Við tókum örstutt spjall við Regínu um hvernig þetta hafi komið til.

„Ég kom með Anítu dóttur mína í sunnudagaskólann þegar hún var pínulítil og svo vék Gummi Kalli sér að mér eftir einn sunnudagaskólann og spurði; Værir þú ekki til í að vera sunnudagaskólakennari, Regína? Þú ert hér alla sunnudaga hvort eð er? Og ég var ekki lengi að hugsa mig um. Ekki löngu síðar kom maðurinn minn, hann Svenni Þór inn á fullu líka. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og gefandi, ef svo mætti segja, að vaxa með fjölskyldunum í hverfinu. Það er svo magnað að hitta fyrst mömmur með lítil kríli á foreldramorgnum sem vaxa svo upp í sunnudagaskólann og áður en maður veit af eru þau vaxin upp úr honum og farin að láta til sín taka í safnaðarstarfinu. Gott dæmi um það er hún Aníta dóttir mín, litla sunnudagaskólabarnið, sem er nú orðin sautján ára og er sjálf farin að spila undir og kenna í sunnudagaskólanum með okkur foreldrum sínum."

Síðastliðna sjö vetur hefur Regína einnig haft umsjón með foreldramorgnum kirkjunnar á þriðjudögum frá 10 til 12 og á meðfylgjandi mynd bregður hún á leik með sápukúlusýningu fyrir hvítvoðungana.

Sunnudagaskólinn er á sunnudagsmorgnum kl. 11:00.





Krílasálmar

16.október-6.nóvember

Krílasálmar er tónlistarnámskeið fyrir ung börn, 3-14 mánaða, sem verður í Lindakirkju einu sinni í viku í 45 mínútur í senn í samtals fjórar vikur. Námskeiðið er á föstudögum frá kl. 10 til 10:45. Í krílasálmum notum við tónlist til að örva skynjun og þroska og styrkjum tengslamyndun. Dásamlegar tónlistarstundir fyrir barn og foreldri. Unnið er með endurtekningu í gegnum sálma, barnavísur, lítil hljóðfæri og dans. Stórkostlegt er að sjá lítil börn upplifa töfra hljóðheimsins.

Tónlistarkonurnar Áslaug Helga Hálfdánardóttir og Hjördís Anna Matthíasdóttir eru kennarar námskeiðisins.

EKKERT kostar á námskeiðið en mikilvægt að skrá sig þar sem takmörkuð pláss eru í boði.

SKRÁNING á lindakirkja.is undir tónlistarstarf.

LINDAKIRKJA

Kirkjuverðir með reynslu
· Guðbjörg Ýr og María Rut teknar tali

Þau sem sækja messur á sunnudögum í Lindakirkju kannast örugglega við þessar hlýlegu og ljúfu ungu konur sem taka vel á móti fólki og annast messukaffi og frágang. Þetta eru vinkonurnar Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og María Rut Arnarsdóttir sem báðar hafa átt langa samleið með söfnuðinum þó ekki séu þær gamlar.



Æskulýðsleiðtogar og kirkjuverðir með meiru, María Rut og Guðbjörg Ýr

Þær hafa, ásamt öflugu teymi, verið leiðtogar í barna- og unglingastarfi Lindakirkju og KFUM og KFUK í mörg ár.

Hvenær byrjuðuð þið að koma hingað?

Guðbjörg: Ég hef alla mína ævi búið í Lindasókn, var skírð heima áður en kirkjan var byggð og fermd í Lindakirkju. Ég fór í sunnudagaskólann og hélt áfram í KFUM og K þegar ég eltist. Síðan ég var í 7. bekk hef ég verið aðstoðarleiðtogi í barnastarfinu, haft yfirumsjón með því frá 2017 og verið sunnudagaskólakennari í mörg ár.

María: Guðbjörg dró mig með sér í sunnudagaskólastarfið á sínum tíma og áður en ég vissi af var ég komin á fullt í barnastarfið með henni líka. Svo höfum við líka unnið mikið í erfidrykkjum og öðrum veislum í salnum með Ágústu og Eyrúnu.

Um KFUM&K starf Lindakirkju

Samverur KFUM og K fara fram á þriðjudögum, klukkan 17:30 til 18:30 fyrir börn í 4. til 7. bekk og klukkan 20:00 til 21:30 fyrir unglinga í 8. til 10. bekk. Mæting í starfið hefur verið afar góð og skapast þar lífleg og skemmtileg stemning í hverri viku. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá þar sem má nefna leiki, bingó, brjóstsykursgerð, hæfileikasýningu, pizzafundi og margt fleira. Starfið er þátttakendum að kostnaðarlausu en á hvorri önn er farið einu sinni í Vatnaskóg og greitt hóflegt gjald fyrir þá ferð. Unglingastarfið er einnig með skemmtilegt Instagram undir nafninu @udkaktus_kop, þar sem finna má helstu upplýsingar um starfið.





Guðbjörg Ýr þegar hún var skírð og fermd

Guðþjónustur kl. 20:00

Alla Sunnudaga

Verið velkomin!



· Lindakirkja · Uppsölum 3 - 201 Kópavogur · Sími 544 4477 · lindakirkja@lindakirkja.is